



Reykjavíkurborg

Mannréttindastefnan, hlutverk og
helstu verkefni ráðsins og
mannréttindaskrifstofunnar



2018

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var fyrst samþykkt í borgarstjórn 2006 og hefur verið endurskoðuð tvisvar, 2013 og 2016. Stefnan byggir á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og miðar að því að allir njóti jafns réttar án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða,



lífsskoðana, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Mannréttindastefnan leggur áherslu á heildstæða sýn í þágu borgarbúa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem stefnan nær til. Rauði þráðurinn í mannréttindastefnunni er áherslan á jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt jafnréttislögum eru ýmsar skyldur lagðar á herðar sveitarfélaganna m.a. að gera jafnréttisáætlanir og vinna að kynjasambættingu á öllum sviðum. Mannréttindaráð og Mannréttindaskrifstofa eru ábyrg fyrir þeirri vinnu.

Mannréttindastefnan í heild sinni er á vefsíðu borgarinnar á íslensku og ensku. Gefinn hefur verið út bæklingur um mannréttindastefnuna þar sem hún er kynnt og ýmis dæmi tekin til útskýringar.

- [Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar](#)
- [Bæklingur um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#)

Mannréttindaráð

Mannréttindaráð starfar í umboði borgarráðs Reykjavíkur. Mannréttindaráð mótar stefnu í mannréttindamálum og tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málaflokknum. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri mannréttindaskrifstofu borgarinnar og að samþykktum og stefnumörkun þess sé fylgt.

Mannréttindaráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 26. febrúar 2008 og önnur verkefni á sviði mannréttindamála samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Ráðið gerir tillögur til borgarráðs í þeim málum sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar tekur til og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt. Ráðið er í fyrirsvari af borgarinnar hálfu á sviði mannréttindamála og fylgist með verkefnum fagsviða sem tengjast mannréttindamálum. Jafnframt er það fagsviðum til samráðs og ráðgjafar um forgangsöröðun verkefna á sviði mannréttindamála, hefur samvinnu við ríki, önnur sveitarfélög og félagsamtök um mannréttindamál og veitir árlega mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar.

Ráðið og mannréttindaskrifstofa leggja fram á ári hverju aðgerðaráætlun/starfsáætlun í mannréttindamálum þar sem tilgreind eru þau verkefni sem lögð verður áhersla á. Síðast var það gert til fjögurra ára en endurskoðun fer fram árlega.

Aðgerðaráætlun í mannréttindamálum

Á fyrsta fundi nýrrar borgarstjórnar 19. júní 2018 var tekin ákvörðun um að sameina mannréttindaráð og stjórnkerfis- og lýðræðisráð í mannréttinda og lýðræðisráð. Unnið er að nýjum samþykktum ráðsins.

Í nýju mannréttindar- og lýðræðisráði eiga sæti:

Aðalfólk:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, netfang: dora.bjort.gudjonsdottir@reykjavik.is

Diljá Ámundadóttir, netfang: Dilja.Amundadottir@reykjavik.is

Skúli Helgason, netfang: skuli.helgason@reykjavik.is

Guðrún Ögmundsdóttir, netfang: Gudrun.Ogmundsdottir@reykjavik.is

Katrín Atladóttir, netfang: Katrín.Atladottir@reykjavik.is

Ásgerður Jóna Flosadóttir, netfang: asgerdur.jona.flosadottir@reykjavik.is

Daníel Örn Arnarsson, netfang: Daniel.Orn.Arnarsson@reykjavik.is



Aðalfólk og varafólk í mannréttinda- og lýðræðisráði

Formaður mannréttinda-, stjórnkerfis og lýðræðisráðs er Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Hlutverk mannréttindaskrifstofu

Helstu verkefni mannréttindaskrifstofu eru:

- ✓ Annast framkvæmd mannréttindastefnu
- ✓ Vinna ásamt mannréttindaráði að starfsáætlun í mannréttindamálum
- ✓ Fylgja eftir ákvörðunum mannréttindaráðs, öldungaráðs, fjölmenningarráðs, ofbeldisvarnar-nefndar og ferlinefndar fatlaðs fólks
- ✓ Eiga samvinnu við félög og önnur sveitarfélög í málum sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar nær til
- ✓ Eiga samráð við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðum borgarinnar
- ✓ Efla samráð í mannréttindamálum innan borgarinnar
- ✓ Eiga frumkvæði að verkefnum sem tryggja mannréttindi borgarbúa
- ✓ Standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu

Á mannréttindaskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir auk mannréttinda- og lýðræðisráðs:

Öldungaráð Reykjavíkurborgar. Er borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem er 67 ára og eldri.

Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar. Er borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni hagsmuni borgarbúa sem eru innflytjendur.

[Ofbeldisvarnarnefnd.](#) Er borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um aðgerðir og viðbrögð við ofbeldi í samfélaginu og stuðlar að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar.

[Ferlinefnd fatlaðs fólks.](#) Mótar stefnu í aðgengismálum, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til umhverfis og skipulagsráðs í málum sem varða verksvið hennar.

Starfsfólk mannréttindaskrifstofu:

- Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri, netfang: Anna.Kristinsdottir@reykjavik.is
- Barbara Jean Kristvinsson er ráðgjafi í innflytjendamálum, netfang: Barbara.Jean.Kristvinsson@reykjavik.is
- Elísabet Pétursdóttir er verkefnastýra á Mannréttindaskrifstofu og starfsmanneskja öldungaráðs og mannréttindaráðs, netfang: Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is
- Halldóra Gunnarsdóttir er sérfræðingur í jafnréttismálum og starfsmanneskja ofbeldisvarnarnefndar, netfang: halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is
- Joanna Marcinkowska er sérfræðingur í málefnum innflytjenda og starfsmanneskja fjölmenningarráðs, netfang: Joanna.Marcinkowska@reykjavik.is
- Steinunn Ása Þorvaldsdóttir er skrifstofumaður, netfang: Steinunn.Asa.Thorvaldsdottir@reykjavik.is
- Svandís Anna Sigurðardóttir er sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks og kynjajafnréttismálum, netfang: Svandis.Anna.Sigurdardottir@reykjavik.is
- Tómas Ingi Adolfsson er sérfræðingur í málefnum fatlaðs fólks og vinnur fyrir ferlinefnd fatlaðs fólks og fyrir notendaráð fatlaðs fólks, netfang: Tomas.Ingi.Adolfsson@reykjavik.is

Jafnréttismál kynja

Sveitarfélögum er skylt samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008¹ að leggja fram aðgerðaráætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, sjá grein 12. Þetta þarf að gera eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum byggir á jafnréttislögnum, á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum² samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Aðgerðaráætlunin í jafnréttismálum gildir frá 2015-2019 og inniheldur 38 aðgerðir sem beinast m.a. að kynjasambættingu, vinnu gegn staðalímyndum, kynbundnu ofbeldi og eflingu jafnra tækifæra innan vinnustaða. Þessi lögbundna áætlun hefur verið samtvinnuð við aðgerðaráætlun í mannréttindamálum (starfsáætlun) sem gildir til fjögurra ára (sjá fyrir ofan).

- [Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum 2015-2019](#)

Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla

Borgarstjórn samþykkti Evrópusáttmálann 20. október 2009 og borgarstjóri undirritaði hann sama dag. Sveitarfélög sem hafa undirritað sáttmálann skuldbinda sig formlega til að virða grundvallarregluna um jafnrétti kvenna og karla. Einnig viðurkenna þau að taka þurfi á margfaldri mismunun til að tryggja jafna

¹ [Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008](#)

² [Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum](#)

stöðu kvenna og karla. Jafnframt felur undirritun í sér viðurkenningu á því að jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvarðanatöku sé forsenda lýðræðislegs þjóðfélags, afnám staðalímynda kynjanna sé grunnur að því að jafnrétti kvenna og karla náist og að samþætting kynjasjónarmiða sé brýn til að vinna að framgangi jafnréttis kvenna og karla.

Ofbeldisvarnarnefnd

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs.

Hlutverk hennar er að vera ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Ofbeldisvarnarnefnd er skipuð 7 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Stígamót tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og Embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Ofbeldisvarnarnefnd lagði fram aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2018-2020 sem samþykkt var í borgarstjórn 15. maí 2018.

[Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi](#)

Mannréttindaskrifstofa sér um þjónustu við nefndina.

Saman gegn ofbeldi

Í janúar 2015 hóf Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við Kvennaathvarfið og heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu vinnu að verkefni sem nefnist *Saman gegn ofbeldi*.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á ofbeldi á Íslandi, bæði gagnvart konum og börnum, hafa bætt við þekkingu á umfangi þess og afleiðingum og styðja við baráttu ríkis og sveitarfélaga gegn kynbundnu ofbeldi.

Rannsókn sem gerð var á tíðni ofbeldis meðal kvenna á Íslandi sýnir að 42% kvenna hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma á ævinni frá 16 ára aldri. Miðað við niðurstöður rannsóknarinnar var ofbeldið oft á alvarlegum toga. Könnunin sýndi að 22% kvenna hafa upplifað ofbeldi í nánum samböndum og 26% af þeim sögðu að líf þeirra hefði verið í hættu við síðasta ofbeldisatvik og 41% sögðu að þær hefðu orðið fyrir líkamlegum skaða. Í ljósi afleiðinganna og umfangsins er mjög brýnt að bregðast við af fullum þunga. Alþjóðaheilbrigðisstofnun hefur listað upp margvíslegar afleiðingar kynbundins ofbeldis m.a. líkamlega verki, aukna tíðni veikinda, þunglyndi, áfallastreituröskun, svefnerfiðleika, ýmsa andlega sjúkdóma, aukna tíðni sjálfsvígstilrauna, áfengis- og fíkniefnamisnotkun og dauðsföll.



Markmið verkefnisins *Saman gegn ofbeldi* er að efla stuðning við þolendur og senda skýr skilaboð um að heimilisofbeldi sé ekki umborið. Unnið er markvisst að því að bæta verklag til að taka á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum og fækka ítrekunum með því að veita þolendum betri þjónustu, bjóða gerendum meðferð og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Þá er sérstök áhersla er lögð á konur af erlendum uppruna og fatlaðar konur í þessu verkefni.

Með samvinnu aðila hefur þjónusta við þolendur heimilisofbeldis verið bætt til muna. Framkvæmdin er í stuttu máli sú að þegar lögregla er kölluð út vegna heimilisofbeldis eða gruns þar um hefur hún samband við velferðasvið borgarinnar og fer félagsráðgjafi með í útkallið. Ef barn/börn eru á staðnum fer einnig barnaverndarstarfsmaður í útkallið. Félagsráðgjafi veitir fyrstu aðstoð á staðnum og því er svo fylgt eftir með samtali innan þriggja daga og starfsmaður barnaverndar sinnir barni eða börnum. Þar eftir er eftirfylgniviðtal félagsráðgjafa og lögreglu.



Mannréttindaskrifstofan hefur umsjón með verkefninu.

Rikk, Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, vann úttekt á verkefninu.

[Mat RIKK á verkefninu Saman gegn ofbeldi](#)

[Ýmsar upplýsingar um verkefnið á vefsíðu borgarinnar](#)

Bjarkarhlíð

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar tók virkan þátt í undirbúningi Bjarkarhlíðar.

Bjarkarhlíð veitir ráðgjöf og stuðning til þolenda ofbeldis. Samstarfsaðilar eru velferðarráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Stígamót, Drekaslóð, Samtök um Kvennaathvarf, Kvennaráðgjöfin, og Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Fulltrúar Reykjavíkurborgar eiga sæti í stjórn og framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar.

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir starfseminu.

Örugg miðborg (safe cities).

Reykjavíkurborg, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Samtök aðila í ferðaþjónustu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafa skrifað undir samkomulag um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði.

Samkomulagið kallar á úttekt á skemmtistöðunum sem Reykjavíkurborg kemur að. Haldin eru námskeið fyrir dyraverði skemmtistaða og sett hefur verið á fót teymi, til þess m.a. að sjá um úttektirnar og fylgja þeim eftir, sem í eiga sæti lögreglan, slökkviliðið, rekstaráðilar skemmtistaða og mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.

[Upplýsingar um samkomulagið](#)

Opinskátt um ofbeldi

Opinskátt um ofbeldi var tilraunaverkefni sem þrír starfsstaðir, leikskólinn Gullborg, Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland, tóku þátt í. Markmið verkefnisins var að auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða um ofbeldi opinskátt og taka afstöðu gegn því. Verkefnið fólst í því að gera starfsfólk betur í stakk búið til að tala um ofbeldi og bregðast rétt við ef það yrði þess vart að börn byggju við ofbeldi. Borgarstjórn hefur ákveðið að innleiða verkefnið í öllum hverfum borgarinnar. Verkefnið var samstarfverkefni Skóla- og frístundasviðs og mannréttindaskrifstofu.

Nordic Safe Cities

Nordic Safe Cities er samstarfsverkefni borga á Norðurlöndum. Samþykkt var á fundi borgarstjórnar þann 16. maí 2017 að Reykjavík gerðist aðili að sáttmála um verkefnið.

Með undirskrift sinni skuldbindur Reykjavíkurborg sig til þess að skapa öruggt samfélag byggt á trausti, umburðarlyndi og seiglu. Borgin mun vinna að því að tryggja öryggi allra íbúa sinna og koma í veg fyrir öfgahyggju.

Í samkomulaginu kemur fram að borgin muni tryggja eftirtalið:

- ✓ Öruggt umhverfi. Að skapa í borginni umhverfi sem er opið fyrir alla.
- ✓ Örugg netsvæði. Að koma á netsvæðum þar sem ungt fólk getur tjáð sig með öruggum hætti.
- ✓ Sterkar fjölskyldur. Vinna með fjölskyldum til að tryggja öryggi barna og ungmenna.
- ✓ Öruggar stofnanir. Að styrkja stofnanir borgarinnar í hlutverki sínu.
- ✓ Öflugt starf með ungu fólki. Styrkja málsvara ungs fólks.
- ✓ Örugg hverfi. Tryggja örugg og vinsamleg hverfi og auka samstarf á milli íbúa.

Enginn kostnaður felst í undirskrift á sáttmálanum en borgunum stendur til boða að taka þátt í samstarfi á vegum borganna til þess að auka þekkingu sína á verkefninu.


Mannréttindaskrifstofa vinnur að aðgerðar- og kostnaðaráætlun vegna verkefnisins.

[Nánari upplýsingar um verkefnið](#)

Kynlegar tölur

Mannréttindaskrifstofa og mannréttindaráð Reykjavíkurborgar gefa árlega út bæklinginn *Kynlegar tölur*. Bæklingurinn hefur að geyma tölfræðilegar upplýsingar þar sem varpað er ljósi á ólíka stöðu karla og kvenna eins og hún birtist á ýmsan hátt í borginni og á landinu. Það er mismunandi eftir árum hvaða upplýsingar eru birtar en þær eiga það sammerkt að vekja athygli á tölfræðilegum staðreyndum um stöðu kynjanna í íslensku samfélagi. Sem dæmi má nefna hlutfall kvenkyns og karlkyns viðmælanda í útvarpi, kynjahlutföll í stjórnnum hverfisíþróttafélaga og fjölda myrtra á Íslandi greint eftir kyni og hlutfall morða sem teljast heimilisofbeldismál.

Dæmi: Mynd úr bæklingi sem gefinn var út 8. mars 2016




Mynd 1. Fjöldi kvenna/stúlkna og karla/drengja sem hafa verið myrt 1980-2015 og fjöldi þar af sem teljast heimilisofbeldismál. Heimild: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar

- [Kynlegar tölur er að finna undir útgefið efni mannréttindaskrifstofu](#)

Klámvæðing er kynferðisleg áreitni

Árið 2012 gáfu Reykjavíkurborg og MARK - Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna við Háskóla Íslands út bæklinginn *Klámvæðing er kynferðisleg áreitni*. Í bæklingnum er fjallað um það með hvaða hætti konur upplifa klám á vinnustaðnum og umræður um útlit þeirra í stað frammistöðu í vinnu. Það eru færð fyrir því rök að klámvæðing, hvort sem hún birtist í orðum eða myndum sé kynferðisleg áreitni. Upplýsingar um þetta efni hafa ekki áður birst á íslensku og var bæklingurinn ætlaður starfsfólki borgarinnar og starfsfólki og nemum Háskóla Íslands. Bæklingurinn á enn fullt erindi inn á vinnustaði.



- [Bæklinginn má finna bæði á vefsíðu borgarinnar og á vefsíðu Háskóla Íslands og er öllum frjálst að nýta sér efni hans](#)

Kvennasöguslóðir



Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar gaf út bækling um kvennasöguslóðir í samvinnu við Kvennasögusafn Íslands. Bæklingurinn vekur athygli á hlut kvenna í uppbyggingu borgarinnar en oft er horft framhjá þætti kvenna í sögunni. Hægt er að fá bæklinginn í Ráðhúsi Reykjavíkur og Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Kvosinni og hugmyndin er að ganga um borgina með hann í hönd og fræðast um þær konur sem hafa sett mark sitt á borgina og líf okkar. Án framlags kvenna væri margt öðruvísi í Reykjavík. Kvennasöguslóðir opna að einhverju leyti heim genginna kvenna af öllum stigum þjóðlífsins.

Bæklingurinn er bæði á íslensku og ensku.

- [Kvennasöguslóðir](#)

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Árið 2011 var tekin sú ákvörðun að hefja innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) hjá Reykjavíkurborg.

Markmiðið með innleiðingunni er að samþætta mannréttinda- og fjármálastefnu borgarinnar og tryggja að dreifing gæða og fjármuna sé skipulögð með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa.

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun er stefnumótunartæki sem hefur verið nýtt víða um heim í allmörg ár. Innleiðingin krefst fyrst og fremst vinnu og viðhorfsbreytinga. Sú vinna skilar sér margfalt til baka og leiðir til skilvirkari verkferla og aukins sýnileika í nýtingu fjármagns.

Þáttur í innleiðingu KFS hefur verið að breyta reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Þar segir að framkvæma eigi jafnréttismat á öllum breytingartillögum við samþykka fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs.

Stærsti hluti innleiðingarinnar er fólgin í því að innleiða jafnréttismat í verkferlum tengdum framkvæmd fjárhagsáætlunar auk greiningu starfsfólks á þjónustuþáttum borgarinnar. Hægt er að nálgast allar skýrslur og aðrar upplýsingar um verkefnið á vef Reykjavíkurborgar.

Verkefnisstýra er Freyja Barkardóttir, netfang: Freyja.Barkardottir@reykjavik.is

Hún er bæði á fjármálaskrifstofu og mannréttindaskrifstofu til að tryggja tenginguna á milli mannréttindastefnu borgarinnar og fjármálastefnu hennar.

[Nánari upplýsingar um verkefnið](#)

Samstarfssamningur við Háskóla Íslands – RIKK, rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum

Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg eru með í gildi samstarfssamning um jafnréttisrannsóknir sem RIKK sér um að hálfu Háskólans.

Mannréttindaskrifstofa sér um samstarfsverkefnið af hálfu Reykjavíkurborgar.

Hinsegin málefni

Gátlistar

Mannréttindaskrifstofa hefur útbúið gátlista um trans börn í skólum (nokkrar mismunandi útfærslur hafa verið útbúnaðar), enda er þekking á stöðu þessara barna af skorum skammti. Gátlistarnir eru aðgengilegir á vef Reykjavíkurborgar og hafa þeir verið kynntir fyrir leikskólastjórum sem og á ráðstefnu um trans ungmenni sem haldin var í Reykjavík vorið 2018. Fræðslur um trans börn hafa einnig verið haldnar á nokkrum frístundamiðstöðvum og leikskólum. Áætlað er að halda í haust kynningu á gátlistunum sem og almennt um stöðu og málefni trans barna. Einnig er unnið að gátlistum um hinsegin börn í skólum.

Rainbow Cities Network

Vorið 2018 samþykkti mannréttindaráð og í framhaldinu borgarráð að sækja um aðild að Rainbow Cities Network (Regnbogaborgir), en það er alþjóðlegur samráðs- og samstarfsvettvangur borga sem vinna að málafnum hinsegin fólks. Regnbogaborgirnar voru settar á laggirnar 2011 og eru í dag 27 borgir frá 15 löndum þátttakendur í verkefninu. Umsókn Reykjavíkurborgar var send vorið 2018. Með þátttöku í Regnbogaborgunum er hægt að nýta þekkingu annarra til að gera betur í þeim verkefnum sem þegar eru unnin og nýta fyrirmyndir annars staðar frá til að ráðast í ný verkefni.



Ráðgjöf og fræðsla

Sérfræðingur mannréttindaskrifstofu í málafnum hinsegin fólks veitir ráðgjöf og fræðslu um hinsegin fólk til starfsfólks borgarinnar og stendur fræðslan öllum starfseiningum til boða. Sem dæmi hefur verið haldin fræðsla um hinsegin málefni fyrir kennara, frístundastarfsfólk, starfsfólk á velferðarsviði og fyrir mannréttindafulltrúa sviða. Ráðgjöfin hefur m.a. falið í sér fjölmörg samtöl um málefni hinsegin fólks, t.a.m. hafa forstöðumenn ÍTR fengið upplýsingar og ráðgjöf í tengslum við merkingar á sérklefum (þá sérstaklega er varðar trans og intersex fólk).

Saman gegn ofbeldi – hinsegin fólk

Á vegum verkefnisins *Saman gegn ofbeldi* var settur á fót starfshópur til að koma með tillögur um leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir. Starfshópurinn vann skýrslu um hinsegin fólk og heimilisofbeldi í ársbyrjun 2018 ásamt tillögum að úrbótum. Í tillögunum var m.a. lögð til aukin fræðsla um sérstöðu hópsins í tengslum við heimilisofbeldi. Fræðsla um hinsegin fólk og heimilisofbeldi hefur verið haldin fyrir þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu og Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og Samtökin '78. Í framhaldinu verður

haldin fræðsla á Hinsegin dögum og fyrir fleiri aðila sem vinna með brotapolum og gerendum í heimilisofbeldismálum.

Þjónustusamningur við Samtökin '78


Reykjavíkurborg endurnýjaði þjónustusamning við *Samtökin '78* í janúar 2018. Hann var útvíkkaður og tekur nú einnig formlega til félagsmiðstöðvar fyrir hinsegin ungmenni sem Samtökin '78 reka í samvinnu við Reykjavíkurborg. Sem fyrr snýr þjónusta samtakanna að fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk í skólum borgarinnar, sem og til starfsfólks þjónustumiðstöðva. Einnig tryggir hann að hinsegin borgarbúum og aðstandendum þeirra standi til boða ókeypis ráðgjafþjónusta sem Samtökin '78 halda úti.

Innflytjendamáli


Innflytjendur í Reykjavík

Þann 1. janúar 2017 voru 40.470 innflytjendur á Íslandi og er það 11,9% mannfjöldans. Þetta er fjölgun frá árinu áður þegar þeir voru 10,8% landsmanna eða 35.970.

Flestir innflytjendur búa í Reykjavík eða 17.497 (14,2%) íbúar, sjá mynd 2. Flestir þeirra koma frá Póllandi en næst fjölmennasti hópurinn er frá Litháen, sjá mynd 3.



Mynd 2. Fjöldi innflytjenda í tíu sveitarfélögum þar sem þeir eru fjölmennastir. (Hagstofa Íslands 2018)



Mynd 3. Tíu stærstu þjóðahóparnir í Reykjavík 2017 með erlendan ríkisborgararétt. (Hagstofa Íslands 2018)

Stefna í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðlega vernd 2018-2022

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðlega vernd var samþykkt í borgarstjórn þann 10. apríl 2018. Stefnan og aðgerðaáætlunin sem henni fylgir byggir á lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2002, lögum um útlendinga nr. 80/2016, mannréttindayfirlýsingu Sameinuð þjóðanna, alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis, samningi um réttarstöðu flóttamanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og mannréttindasáttmála Evrópu.

Mannréttindaskrifstofa ber ábyrgð á reglubundnu eftirliti með framkvæmd aðgerðaáætlunar í innflytjendamálum í samstarfi við mannréttindafulltrúa sviðanna.

[Stefna í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðlega vernd 2018-2022](#)

Upplýsingamiðlun til innflytjenda

Starfsfólk skrifstofunnar sér um að setja efni inn á Facebook síður Reykjavíkurborgar á ensku og pólsku. *Living in Reykjavik* er á ensku og *Nasze Miasto* er á pólsku.

- <https://www.facebook.com/LivingInReykjavik>
- <https://www.facebook.com/Reykjavik.Nasze.miasto>

Við og börnin okkar

Mannréttindaskrifstofan gaf út í samvinnu við velferðarráðuneytið bæklinginn *Við og börnin okkar* á fjórum tungumálum. Bæklingurinn er einfaldur leiðarvísir fyrir foreldra og aðstandendur barna um ábyrgð og skyldur, réttindi barna, menntun og velferð. Bæklingurinn er á íslensku og ensku annars vegar og íslensku og pólsku hins vegar til að hann nýtist sem best í samskiptum. Bæklingurinn hefur nýlega verið endurskrifaður og upplýsingar uppfærðar.



Bæklingurinn er á vefsíðu Reykjavíkurborgar: [á íslensku og ensku](#) og [á íslensku og pólsku](#)

Fjölmenningardagurinn

Frá árinu 2005 hefur Reykjavíkurborg staðið fyrir fjölmenningardegi til að fagna fjölbreytileika borgarinnar. Dagurinn hefst með skruðgöngu og endar á skemmtun með fjölbreyttum skemmtiatriðum og markaði með hönnun og mat frá hinum ýmsu löndum. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar sér um allan undirbúning dagsins í samvinnu við innflytjendur. Ákveðið hefur verið að vera með daginn með öðru sniði en verið hefur en eftir er að útfæra það endanlega.

[Myndskeið frá fjölmenningardegi](#)

Fjölmenningarþing Reykjavíkurborgar

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur hefur haldið fjölmenningarþing annað hvert ár frá árinu 2010. Markmið fjölmenningarþingsins er að:

- ✓ Styrkja fjölmenningarsamfélagið og skapa samráðsvettvang fyrir innflytjendur.

- ✓ Efla innflytjendur í að tala fyrir réttindum sínum.
- ✓ Efla tengslanet Reykjavíkurborgar við innflytjendasamfélagið.
- ✓ Efla þjónustu við innflytjendur og gera hana skilvirkari.

Á þinginu er fólk af erlendum uppruna hvatt til að taka þátt í lifandi umræðu um hvernig bæta megi þjónustu borgarinnar. Þátttaka hefur verið góð og lögð hefur verið áhersla á að ná til sem flestra. Fyrirkomulag þingsins hefur verið þannig að þátttakendum er skipt niður á borð eftir tungumálum og skilar svo hvert borð sínum niðurstöðum. Umræðurnar hafa verið á ensku, íslensku, spænsku, pólsku, tælensku, víetnámísku, kebuánó, rússnesku og litháísku. Helstu niðurstöður frá fjölmenningsþingunum er að finna á vefsíðu mannréttinda-skrifstofu Reykjavíkurborgar



[Myndskeið frá Fjölmenningsþingi](#)

Fjölmenningsráð Reykjavíkurborgar

Fjölmenningsráðið hefur starfað frá árinu 2010 en hlutverki þess breytt með aðkomu kjörinna fulltrúa árið 2015. Í ráðinu eru fimm fulltrúar, þar af eru þrír kosnir beinni kosningu á fjölmenningsþingi borgarinnar og tveir tilnefndir af borgarstjórn. Hlutverk ráðsins er að veita mannréttindaráði Reykjavíkurborgar ráðgjöf og öðrum aðilum Reykjavíkurborgar sem vinna að málefnum innflytjenda. Einnig er hlutverk þess að tengja saman innflytjendasamfélög á Íslandi, byggja brýr á milli Íslendinga og innflytjenda, koma málefnum innflytjenda á framfæri og efla fjölmenningslegt samfélag. Mannréttindaskrifstofa þjónustar fjölmenningsráð.

[Upplýsingar um Fjölmenningsráð](#)

Fjölmenningsborgir (e. Intercultural Cities)

Reykjavíkurborg hefur verið aðili að verkefni Evrópuráðsins, **Fjölmenningsborgir**, frá árinu 2014 og er mannréttindaskrifstofa ábyrg fyrir verkefninu. Markmið þess er að styðja borgir í að þróa aðferðir til að takast á við fjölbreytileika í fjölmenningsamfélagi og stuðla að aukinni þátttöku innflytjenda og minnihlutahópa. Borgin fær aðstoð frá alþjóðlegum sérfræðingum til þess að greina stefnur og stjórnunarhætti borgarinnar út frá fjölmenningslegu sjónarhorni.

Markmiðið er að borgir sem taka þátt þekki aðferðir sem reynst hafa árangursríkar í öðrum borgum og móti sér markmið, setji mælikvarða og aðgerðaráætlun auk heildstæðrar stefnu í fjölmenningsmálum.



[Upplýsingar um þátttöku Reykjavíkurborgar í Intercultural Cities á síðu verkefnisins](#)

ICORN

Reykjavíkurborg er aðili að ICORN ([International Cities of Refuge Network](#)) sem er félag borga víðsvegar um heiminn sem helgað er tjáningarfrelsi. Rithöfundar hafa í gegnum tíðina oft orðið fyrir ofsóknum og ógnunum vegna skoðana sinna. Með því að taka þátt í þessu verkefni er hægt að veita þessum rithöfundum öruggan stað til að vera á eða skjól frá ofsóknum og tækifæri til að vinna að hugðarefnum sínum.

Hver ICORN borg veitir einum rithöfundum í einu skjól og öruggan stað til að búa á. Venjulega er miðað við að hver og einn rithöfundur sé í tvö ár á staðnum. Markmið ICORN er að efla tjáningarfrelsi sem er hornsteinninn mannréttinda. Mannréttindaskrifstofa er ábyrg fyrir ICORN verkefni.

Fötlun

Ferlinefnd fatlaðs fólks

Ferlinefndin stuðlar að því, samkvæmt samþykkt um hana, að gera allar byggingar í eigu Reykjavíkurborgar og annað húsnæði sem borgin leigir, svo og götur og gangstéttir og önnur opinber svæði í borgarlandinu, aðgengileg fötluðu fólki með mismunandi aðgengisþarfir.

Unnið er að aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar á vegum ferlinefndarinnar.

Ábyrgð á ferlinefnd fatlaðra er hjá mannréttindaskrifstofu.

Notendaráð fatlaðs fólks

Notendaráð fatlaðs fólks var stofnað haustið 2016 og hefur það hlutverk að veita umsagnir um reglur og stefnumótun borgarinnar í málefnum fatlaðs fólks. Starfsemi þess er tvískipt út frá þeim hópum fatlaðs fólks sem mest nota þjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Annars vegar er starfandi ráð notenda með geðfötlun og hins vegar ráð notenda með þroskahömlun.

Starfsmaður mannréttindaskrifstofu tekur við öllum þeim málum sem berast ráðinu, kemur þeim yfir á auðskilið mál og sendir hefðbundna og auðlesna útgáfu af málsgögnum til notendaráðsins. Starfsmaður mannréttindaskrifstofu er líka tengiliður milli notenda og þeirra aðila sem senda mál til umsagnar notendaráðs.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar utan um starfsemi notendaráðsins.

Saman gegn ofbeldi – fatlað fólk

Á vegum verkefnisins *Saman gegn ofbeldi* var settur á fót starfshópur til að koma með tillögur um leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem fatlað fólk verður fyrir. Starfshópurinn samanstóð af einstaklingum með þekkingu á málefnum út frá ólíkum sjónarhornum. Starfshópurinn vann skýrslu um fatlað fólk og heimilisofbeldi og setti fram tillögur að úrbótum. Í tillögunum var m.a. lagt til að á öllum starfsstöðum borgarinnar þar sem fatlað fólk býr eða nýtur þjónustu færi fram fræðsla um verkefnið *Saman gegn ofbeldi* og sérstöðu fatlaðs fólks í tengslum við ofbeldi en enginn hópur er líklegri til að verða fyrir ofbeldi en fatlað fólk.



Aldur

Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Starfandi er sérstakt Öldungaráð Reykjavíkurborgar. Ráðið hefur starfað frá ársbyrjun 2015 og eru í ráðinu fimm fulltrúar þar af eru þrír tilnefndir eru af hagsmunasamtökum aldraðra og tveir af borgarstjórn. Öldungaráðið er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra,



atvinnulífs og borgaryfirvalda. Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum. Ráðið tekur þátt í stefnumótun er varðar aldraða og stuðlar, í samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.

Mannréttindaskrifstofan ber ábyrgð á þjónustu við öldungarráð.

Fræðsla

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar sinnir fræðslu um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Farið er yfir mismunandi þætti stefnunnar, en í henni eru alls 14 kaflar. Rætt er um ólíka hópa fólks sem vinna og búa í Reykjavíkurborg, réttindi og skyldur og hvernig best er að tryggja jafnrétti og mannréttindi allra

Einnig er veitt fræðsla um ýmislegt annað sem tengist mannréttindastefnunni. Hér eru dæmi um fræðslu sem er veitt en auk þess leggur sníður skrifstofan fræðslu að þörfum starfseininga.

Saman gegn ofbeldi (heimilisofbeldi)

Fræðsla og kynning á verkefninu *Saman gegn ofbeldi* sem er samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfsins, Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar. Markmið samstarfsins er að auka þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á heimilisofbeldismálum. Í fræðslunni er fjallað um verkefnið, uppbyggingu, hvað það snýst um og hvað er hægt að læra af því.

Fatlað fólk og ofbeldi

Í fræðslunni er fjallað um verkefnið *Saman gegn ofbeldi* og tíðni og fjölbreyttar birtingarmyndir ofbeldis gagnvart fötluðu fólki og hvernig sporna megir gegn því. Markmið fræðslunnar eru annars vegar að upplýsa um stöðu fatlaðs fólks sem jaðarsetts hóps og hvernig sú staða í samfélaginu getur ýtt undir ofbeldi gagnvart fötluðu fólki. Hins vegar að upplýsa um leiðir til þess að tryggja fötluðu fólki aukna vernd gegn ofbeldi og hvernig hægt sé að bregðast við þegar ofbeldi á sér stað.

Hinsegin fólk og heimilisofbeldi

Fræðsla fyrir þá sem vinna með brotaþolum og gerendum í heimilisofbeldismálum og aðra sem veita einstaklingum þjónustu. Farið er yfir stöðu hinsegin fólks og barna almennt, hugtök sem tengjast þeim og sérstæðar birtingarmyndir sem geta verið til staðar þegar hinsegin fólk og hinsegin börn verða fyrir heimilisofbeldi. Markmiðið er að gera þjónustuveitendur í heimilisofbeldismálum upplýsta um stöðu hinsegin fólks og færa um að takast á við það.

Jafnrétti kynjanna

Er til kvennamenning og karlamenning? Hvernig birtist hún og hvaða áhrif hefur hún á vinnustaði? Hvað segja lög um jafnrétti kynjanna og hver er staða kvenna og karla á Íslandi í dag? Fræðsla sem fer yfir stöðu kynjanna, jafnrétti og ójafnrétti og skapar alltaf góðar umræður.

Má bara ekkert gera eða segja lengur?!

Hvaða brandarar eru í lagi? Hvað er þetta #metoo? Og hvað er örارةitni? Í fræðslunni er farið yfir staðalmyndir, fordóma og stöðu mismunandi hópa í samfélaginu og þetta tengt við vinnustaði. Markmiðið er að auka meðvitund um ólíka stöðu fólks, jafnréttismál og stuðla að bættum samskiptum.

Saman gegn ofbeldi (heimilisofbeldi)

Fræðsla og kynning á verkefninu Saman gegn ofbeldi sem er samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfsins, Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar. Markmið samstarfsins er að auka þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á heimilisofbeldismálum. Hvað snýst verkefnið um og hvað höfum við lært af því.

Trans börn

Fræðsla fyrir þau sem vinna með börnum. Trans börn eru viðkvæmur og lítill hópur sem fáir vita mikið um. Farið er yfir grunnhugtök og stöðu trans fólks og þá sérstaklega stöðu trans barna, fordóma og hindranir sem þau mæta sem og stuðning við þau. Kynntir eru gátlistar fyrir skóla (og aðrar stofnanir sem vinna með börnum) um hvernig best sé að skapa gott umhverfi fyrir trans börn.

Vinnustaðir og ráðningar með kynjagleraugum

Fræðsla sem er fyrir stjórnendur og aðra sem sjá um ráðningar. Skoðaðar eru atvinnuauglýsingar, lög um jafna stöðu kvenna og karla og áhrifin sem karla- og kvennavinnustaðir geta haft á það kyn sem er í minnihluta. Litið er á áhrif kynjaðra hugmynda á ráðningarferlið og hvernig vinnustaðir geta verið kynjaðir og hvernig megi reyna að sporna gegn því.

Skrifstofan tekur einnig oft á móti gestum erlendis frá og frá öðrum sveitarfélögum sem eru að afla sér upplýsinga um mannréttindastefnuna og verksvið skrifstofunnar. Einnig hafa einkafyrirtæki óskað eftir fræðslu frá skrifstofunni og hefur starfsfólk orðið við því.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík
Netfang: mannrettindi@reykjavik.is
Vefur: rvk.is/mannrettindi

